Landssamtökin Þroskahjálp
Mannréttindi fyrir alla!

## Fundur Landssamtakanna Þroskahjálpar[1] með félags- og jafnréttismálaráðherra.

**<u>Nokkur áhersluatriði LÞ:</u>**

### Skýrsla vistheimilanefndar um Kópavogshæli. – Viðbrögð stjórnvalda.

- Sanngirnisbætur. – Sjá minnisblað Þroskahjálpar.
- Úrbótatillögur vistheimilanefndar. – Nokkrar mikilvægar aðgerðar. – Sjá minnisblað Þroskahjálpar.
- Staða fólks sem enn býr á Kópavogshæli. – Ákvæði II til bráðbirgða í frumvarpi til laga um þjónustu við fatlað fólk með miklar þjónustuþarfir.[2] („Fötluðu fólki sem býr nú á stofnunum eða herbergjasambýlum skulu bjóðast aðrir búsetukostir samkvæmt lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim í samræmi við 20. gr.“).

### Samráð við fatlað fólk og samtök.

- Mikilvægi. - Skylda samkvæmt lögum og samningi SÞ.

### Þingmálalisti.

- Frumvarp til laga um þjónustu við fatlað fólk með miklar þjónustuþarfir. – Fjámögnun verkefna.
- NPA. – Tryggja aðgang og jafnræði. - Eyða óvissu og óöryggi.
- Lögfesting samnings SÞ um réttindi fatlaðs fólks. – Svör flokka fyrir kosningar.
- Fullgilding valkvæðs viðauka við samning SÞ á árinu 2017. – Þingsályktun.

### Atvinnumál fatlaðs fólks. – Starfsgetumat o.fl.

- Starfsgetumat. – Atvinnutækifæri fatlaðs fólks.
- Atvinnutækifæri hjá stofnunum og fyrirtækjum ríkis og sveitarfélaga.
- Atvinnutækifæri hjá almennum fyrirtækjum.
- Samfélagsábyrgð fyrirtækja. – SA / Festa. - Viðurkenning eða vottun?

### Almannatryggingar.

- Atvinnutekjur. – Hvati til þátttöku.
- Bókun Þroskahjálpar.[3]

---

[1] Landssamtökin Þroskahjálp voru stofnuð árið 1976. Samtökin byggja stefnu sína á mannréttindasamningum sem Ísland hefur skuldbundið sig til að framfylgja og eru áréttuð og útfærð í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Megináhersla er á tækifæri til sjálfstæðs og eðlilegs líf til jafns við aðra. Samtökin vinna að hagsmuna- og réttindamálum fatlaðs fólks, með sérstaka áherslu á fólk með þroskahömlun og fötluð börn. Samtökin reka húsbyggingasjóð. Aðildarfélög að samtökunum eru rúmlega 20 með um 6000 félögum.

[2] https://www.velferdarraduneyti.is/media/frettir2016/Frv.-um-thjonustu-vid-fatlad-folk---til-umsagnar-a-vef-VEL.pdf

[3] http://www.throskahjalp.is/is/alit-og-umsagnir/enginn-titill-7

**Húsnæðismál fatlaðs fólks.**

- Biðlistar. - Almennt og fólk með þroskahömlun.
- Kröfur til húsnæðis, s.s. fjöldi samliggjandi íbúða, lágmarksstærð íbúða.
- Möguleiki til að kaupa íbúðir. – Þörf fyrir sérstök lánakjör.
- Styrkir til að laga húsnæði að þörfum fatlaðra barna.

**Eftirlit með framkvæmd þjónustu í ljósi jafnræðisreglu og annarra mannréttinda.**

- Valkvæður viðauki við samning SÞ. – Eftirlitsnefnd með samningi SÞ.
- Ríki gagnvart sveitarfélögum.
- Staðsetning réttindavaktar og réttindagæslumanna í stjórnkerfinu. – Sjá ákvæði III til bráðabirgða i lögum um réttindagæslu fyrir fatlað fólk.[4]
- Sjálfstæð mannréttindastofnun. – Skuldbinding samkvæmt samningi SÞ.
- Stjórnsýslureglur. - Stofnanir ríkis og sveitarfélaga.

**Greiningar- ráðgjafarstöð ríkisins. – Þörf fyrir þjónustu við fullorðið fatlað fólk.**

- Samkvæmt lögum nr. 83/2003, um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins[5] veitir hún börnum með alvarlegar þroskaraskanir „greiningu, ráðgjöf og önnur úrræði“.[6]
- Þörf fyrri sams konar þjónustu fyrir fullorðið fólk. – Ályktun fulltrúafundar Þroskahjálpar 2016.[7]

**Framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks.**

- Stefna í málaflokknum. - Undirbúningur og gerð framkvæmdaáætlunar og eftirfylgni.

**Möguleikar til fjáröflunar.**

- Einkaréttur.
- Mismunun sambærilegra félaga. – Skýrsla starfshóps frá 1996. – Félagafrelsi.

1. mars 2017

---

[4] http://www.althingi.is/lagas/146a/2011088.html

[5] http://www.althingi.is/lagas/146a/2003083.html

[6] ■ **1. gr.** Markmið laga þessara er að tryggja að börn með alvarlegar þroskaraskanir sem geta leitt til fötlunar fái greiningu, ráðgjöf og önnur úrræði sem miða að því að draga úr afleiðingum röskunarinnar, enn fremur að tryggja öflun, viðhald og miðlun fræðilegrar þekkingar á þessu sviði.
☐ Í þessum tilgangi skal á vegum ríkisins starfrækt stofnun, Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins sem þjóni landinu öllu.

[7] **Sérfræðiþjónusta fyrir fullorðið fólk með þroskahömlun, einhverfu eða hreyfihömlun.**
Fulltrúafundur Landssamtakanna Þroskahjálpar skorar á stjórnvöld að tryggja fólki eldra en 18 ára með þroskahömlun, einhverfu eða hreyfihömlun fullnægjandi sérfræðiþjónustu. Stjórnvöld verða að bregðast við þeirri brýnu þörf sem er fyrir þessa sérfræðiþjónustu með því annað hvort að útvíkka starfsemi Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins eða að stofna sérhæfða þjónustumiðstöð á sviði heilbrigðis- og félagsþjónustu, sem fengi m.a. það hlutverk að sjá fyrir þessari þjónustu eða með því að tryggja þeim sem á þurfa að halda þjónustu á þessu sviði með öðrum og fullnægjandi hætti.